



Samantekt vegna úthlutunar styrks til menningarmála vorið 2020

Á 150. fundi atvinnu- og menningarmála, dags. 25. mars 2020, voru eftirtöld verkefni styrkt til menningarmála, en hér að neðan eru dregin út helstu atriði úr lokaskýrslu hvers styrkþega.

1. Andri Pétur Þrastarson. Tónlistarútgáfa. Kr. 50.000

Sótt var um styrk til upptöku og hljóðblöndunnar á efni breiðskífunnar Útúrsnúningur. Upptökum og hljóðblöndun á verkefninu er lokið. Framkvæmd og umfang voru í samræmi við umsókn. Engar breytingar urðu á verkefninu.

2. Arts Iceland – Vísindi listanna – Carbon Kolefni. Kr. 75.000.

Verkefnið hófst í upphafi árs 2020. Sjö vestfirskir listamenn og vísindamenn tóku þátt í fyrsta hluta verkefnisins og fyrsta sýningin var opnuð í glugga Úthverfu 10. mars 2020. Upphaflega stóð til að bjóða alþjóðlegu listafólki sem dvelur í gestavinnustofum ArtsIceland þátttöku, en vegna Covid-19 gátu þeir ekki komið til dvalar, og var því eingöngu ísfirsku listafólki boðið.

3. Ferðapjónar á Flateyri, menningardagskrá sumarið 2020. Kr. 100.000

Verkefninu er lokið og tókst vonum framár. Verkefnið stóð yfir í 9 vikur og voru haldnir 52 viðburðir á þeim tíma, en Covid-19 setti strik í reikninginn undir lok sumars. Alls mættu 1.256 gestir á viðburðina sjö, sem voru: kynning á Harðfiskverkun í Breiðadal, söguganga um Gömlu Bókabúðina, snjóflóðaganga, tafl á Bryggjukaffi, barsvar á Vagninum og skemmtikvöld með listamanni á Vagninum og svo að lokum ljóðalestur á vegum Sima Hostels. Verkefnið hefur skapað jákvæða stemmingu á Flateyri, bæði voru heimamenn ánægðir með hve mikið var um að vera og eins dró þetta ferðamenn á Flateyri.

Þetta verkefni hefur nú þegar undið upp á sig, þannig að Ferðapjónar á Flateyri hafa stofnað félag til að halda áfram með daglega viðburði á sumrin og finna leiðir til að efla vetrarferðamennsku. Þá hefur verkefnið verið fyrirmynd fyrir önnur byggðarfélög sem stefna að því að feta sömu leið og Önfirðingar.

4. Fjölur Mór Baldursson, framleiðsla stuttmyndarinnar Rán. Kr. 100.000.

Handrit fyrir myndina var unnið í desember 2019 til mars 2020. Leikarar komu bæði frá Vestfjörðum og frá Reykjavík. Tökur hófust í maí og tóku um viku. Sumarið var nýtt til að klippa, hljóðgreina og lita myndina, auk tónlistar, og lauk því í september. Forsýning var á Ísafirði 22. september 2020, og heimsfrumsýning á RIFF 24. september. Í kjölfarið var myndin sýnd á yfir 20 alþjóðlegum kvikmyndahátíðum, og verður ein þeirra haldin í Moskvu í mars 2021. Enn berast boð á erlendar kvikmyndahátíðir.

Myndin fékk verðlaun sem besta stuttmyndin á tveimur hátíðum, og besta myndin á tveimur hátíðum, sem skemmtilegasta myndin, besta klippingin og verðlaun fyrir besta aðalleikara.

Í kjölfar þessarar velgengni hefur forsvarsmaður verkefnisins, Fjölur Mór, ákveðið að halda kvikmyndahátíð á Ísafirði í október 2021, á svipuðum tíma og Vetturnætur.

5. Gallery Úthverfa, sýningaröð Ferocious Glitter. Kr. 100.000.

Verkefninu lauk í lok sumars 2020, og til stendur að gefa út efni sem tilheyrir sýningunum. Litlar breytingar urðu vegna Covid-19.

6. Gísla saga, fantasíuhátíð í Dýrafirði. Kr. 100.000

Undirbúningur hefur litast mjög af Covid-19 og verið til nokkurra trafala. Margt hefur þó unnist við undirbúning hátíðarinnar og hafa fjölmargir dagskrárliðir með fantasíuásvafi verið mótaðir, komið upp tengslaneti við samstarfsaðila og áhugafólki um fantasíu verðið kynnt hátíðin.

Ákveðið hefur verið að hátíðin renni saman við Víkingahátíðina á Þingeyri, og er það talið heppilegast til að byggja upp báðar hátíðir, hafa um þær samstarf.

7. Litli leikklúbburinn – vinnustofa. Kr. 100.000

Vinnustofurnar fóru fram í Rögnvaldarsal í Edinborgarhúsinu, þar til Covid-19 skall á. Eftir það voru fundir haldnir í gegnum zoom. Mikil vinna lögð í handrit af leikþætti fyrir sjónvarp. Ekki var hægt að fullvinna verkefnið á árinu 2020 vegna Covid-19, en verkefnið frestast því að vissu leyti þar til öllum takmörkunum vegna Covid-19 lýkur.

Styrkur hefur ekki verið greiddur út þar sem gögnum var ekki skilað.

8. Samúel Einarsson, tónlistarútgáfa. Kr. 50.000

Upptökur á tónlistarefni hafa tafist vegna Covid-19. Tvö lög eru í lokavinnslu og verður vonandi hægt að ljúka við tvö í viðbót vorið 2021.

9. Sæbjörg Freyja Gísladóttir. Að búa með fjöllum, prentun og umbrot bókar. Kr. 50.000

Sjá mál nr. 2020010033 þar sem óskað er eftir heimild til að nota styrkinn á annan hátt, en skv. samþykkttri umsókn.

10. Sæunn Þorsteinsdóttir. Bach á sumarsólstöðum, tónleikaröð. Kr. 100.000

Þann 20. júní 2020 stóð Sæunn fyrir röð tónleika, á norðanverðum Vestfjörðum. Tónleikahald gekk vonum framar. Sæunn spilaði allar sex svítur J.S. Bachs fyrir selló á sumarsólstöðum.

Sellóleikurinn hófst í Þingeyrarkirkju kl. 1 á hádegi, 20. júní. Svo var haldið að Mýrum handan Dýrafjarðar og leikið kl. 3. Kl. 5 var spilað í kirkjunni að Kirkjubóli í Valbjófsdal við Önundarfjörð. Næst kl. 7 í Flateyrarkirkju, kl. 9 í kirkjunni á Suðureyri og síðasta svítan hljómaði kl. 11 utar í Súgandafirði, að Stað. Aðgangur að tónleikunum var ókeypis. Allir tónleikarnir voru vel sóttir, margir gestir fóru á tvenna eða þrenna tónleika og allstór hópur fylgdi allan daginn. Í heildina rúmlega 300 manns.

Tónleikadagurinn heppnaðist vel í alla staði og eins og að var stefnt. Allir tónleikarnir voru teknir upp, bæði hljóð og mynd, og bíða upptökurnar nú eftirvinnslu en enn hefur ekki fengist fjármagn til hennar.

11. Verslunin Bræðurnir Eyjólfsson. Útgáfa barnabókar. Kr. 50.000.

Barnabókin um Sæunni kom út og var útgáfunni fagnað í september í Gömlu Bókabúðinni á Flateyri. Bókin er gríðalega falleg og vel heppnuð. Bókin kom út á íslensku haustið 2020, en stefnt er að því að hún komi út á ensku, þýsku og frönsku vorið 2021, af því gefnu að ferðamannastraumurinn verði hafinn á ný.

Verkefnið breyttist töluvert eftir að styrkur var veittur, stærsta breytingin varð að Sögur útgáfa tóku að sér að gefa út bókina og lögðu mikið í hann, engu var til sparað í útgáfu og upplag stækkað.

